

„Já, mér þykir það hjarta hart, góði drengurinn minn! sem ekki þakkar fyrir svo mikla blessun.“

GRÓÐA-FYRIRTÆKI MARIU.

A sjöunda afmælisdeginum sínum fékk María peninga frá föður sínum, sem heima átti á Indlandi. Fyrir peningana átti hún að kaupa sér bíblíu. En áður en búið var að kaupa bíblíuna datt henni eitt í hug. Og hún sagði við ömmu sína um leið og hún hélt á lofti peningunum: „Amma! er þetta ekki nóg til þess að kaupa tvær bíblíur fyrir?“ — „Jú, góða mín! En hvað ætlarðu að gera með tvær bíblíur?“ — „Eg vil kaupa aðra handa sjálfrí míér, en hina vil eg senda til Indlands og gefa hana einhverri Hindúa-stúlkum þar sjö ára, sem ekki á neina bíblíu“ — sagði María.

Fyrir þetta fékk nú María ekki nærri því eins fallega bíblíu eins og hún hafði búist við í fyrstu. En henni stóð á sama um það; því nú hugsaði hún mest um afmælisgjöfina, sem hún ætlaði að senda til Indlands og koma átti flatt upp á einhverja litla stúlkum þar.

Í bréfi, sem skrifðað var með bíblíunni, var beðið um að skrifa á saurblaðið nafn litlu stúlkunnar, sem fengi hana, og neðan undir „frá Mariu.“

Eftir þetta bætti María nýrri bæn við kvöldbænina sína. Hún bað fyrir litlu Hindúa-stúkunni, sem fengið hefði bíblíu eins og hún. Kvöld eftir kvöld heyrðist hún biðja guð að blessta hana.

Árin liðu. María varð fullorðin. Og árið 1882 varð hún missíóneri og fór til Indlands. Skömmu eftir að hún kom þang-að fór hún einn dag að heimsækja konur í kvennabúrum þeirra (*Zenana**). Og í fylgd með henni var innfædd *bíblíu-kona**). Um nafn hinnar aðkomnu trúboðs-konu vissi hún ekkert fyrr en hún heyrir það af samtalinnu. Þá skín óvænt gleði-ljós úr andliti hennar. Hún þrifur bók upp úr vasa sínum, réttir hana

*) Konur á Indlandi búa sér í kvenna-búrum, sem kölluð eru *Zenana*. Og *Zenana*-missíón er kölluð trúboðs-starfssemi kristinna kvenna á meðal kvenna þar.

*) Bíblíu-konur nefnast konur þær, sem á missiónar-stöðvunum eru fengnar til þess að kenna konum undirstöðuatriðin í kristindóminum.